

halda því fram, að umþráttuð kaupkrafa sé þeim með öllu óviðkomandi, þar sem í kaupsamningnum sé ákveðin upphæð tilgreind fyrir flutning á bátnum til Reykjavíkur, sem þeir þegar hafi greitt, og yfir höfuð skýrskota þeir til varnarástæðu aðalstefnds, Eggerts Kristjánssonar, og krefjast algerðrar sýknunar á sjóréttarkröfum stefnanda og öðrum kröfum hans, og krefst umboðsmaður þeirra enn fremur að honum verði dæmdur málskostnaður samkvæmt framanlögðum málskostnaðarreikningi, en slíkur málskostnaður hefir eigi verið framlagður í málinu.

Með því kaupkrafa stefnanda í málinu eingöngu styðst við lögskráningu, er fram hefir farið í Frederikssund 18. oktr. f. á., af dönskum lögskráningarstjóra, og í mál-færslu umboðsmanna stefnanda er gengið fram hjá og mótmælt samningi um ráðningu hér heima, virðist stefndur, Eggert Kristjánsson, eigi vera neitt við mál þetta riðinn raunverulega, og þar sem hann skortir umboð til að flytja mál þetta, f. h. byggingarstöðvar umrædds mótorbáts, ber ex officio að frávísa máli þessu, að því er hann sjálfan áhrærir, og kemur þá sjóréttarkrafan eigi til greina.

Málskostnaður virðist með tilliti til þess, hve málskostnaðarkröfur hinna stefndu eru óákveðnar og jafnvel óviðeigandi eiga að falla niður.

Miðvikudaginn 22. júní 1932.

Nr. 24/1932. Páll Jónsson (Lárus Jóhannesson)

gegn

Eggert Kristjánssyni, f. h. Frederiks-
sunds Skibsværft v/ Kr. Andersen,
(Eggert Claessen)

Guðlaugi Eiríkssyni, Jóni Eiríkssyni
og Guðmanni Grímssyni (Enginn).

Staðfesting frávisunardóms; málssókn gegn stefnda vegna umræddrar skipasmíðastöðvar óheimil.

Dómur sjóréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. ágúst 1931: Máli þessu vísast frá sjóréttnum.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Pegar mál þetta skyldi flutt í hæstarétti mætti enginn af hálfu stefndu, Guðlaugs Eiríkssonar, Jóns Eiríkssonar og Guðmanns Grímssonar. Málið hefir því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1793.

Það er upplýst í málinu, að stefndur, Eggert Kristjánsson, réði áfrýjanda, f. h. skipasmíðastöðvarinnar í Frederikssund til ferðar þeirrar, er málið er risið út af. Ennfremur er það upplýst, að Eggert Kristjánsson hafði umboð skipasmíðastöðvarinnar til að gera upp við áfrýjanda kaupkröfu hans að ferðinni lokinni.

Með þessu verður þó eigi talið, að áfrýjandi hafi öðlzt rétt til þess, gegn mótmælum stefnda, að beina málssókninni gegn honum, f. h. skipasmíðastöðvarinnar.

Verður því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en eftir atvikum þykir þó mega ákveða, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í sjúðómskæru, dags. 8. jan. þ. á. með árituðu fyrirkalli 13. s. m., hefir stefnandinn, Páll Jónsson, vélamaður á m/b Hákon Eyjólfsson, skýrt frá því, að hann ásamt 3 öðrum mönnum frá Reykjavík, hafi farið til Frederikssund í Danmörku til þess að sækja m/b Hákon Eyjólfsson, sem smíðaður hafi verið af Frederikssunds Skibsværft ved Kr.

Andersen, Frederikssund, er þá hafi verið eigandi mótorbáts þessa, og kveðst stefnandinn hafa farið ferð þessa, eftir beiðni umboðsmanns hins stefnda firma, hr. heildsala Eggerts Kristjánssonar. Hinn 18. s. m. kveðst svo stefnandinn hafa verið ráðinn eða skrásettur á oftgreindan bát af dönskum skrásetningarstjóra, og hafi kjörin verið 200 kr. fyrir ferðina, miðað við 14 daga ferð. Ferðin segir hann svo að tekið hafi 35 daga í stað 14 daga, er stafað hafi af verstu veðrum, svo leita varð neyðarhafna vegna storms, og báturinn eigi komið til Reykjavíkur fyrr en 20. nóv. f. á.

Eru það kröfur stefnanda, að stefndur, Eggert Kristjánsson, f. h. Frederikssunds Skibsværft ved Kr. Andersen, Frederikssund, verði dæmdur til að greiða honum danskar kr. 500.00 að frádregnum ísl. kr. 200, sem þegar séu greiddar auk 6% ársvaxta af hinni umstefndu upphæð frá 21. nóv. 1930 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Ennfremur krefst stefnandinn þess, að skrásettir núverandi eigendur oftgreinds mótorbáts, þeir Guðlaugur Eiríksson, hreppstjóri, Meiðastöðum í Garði, Jón Eiríksson s. st. og Guðmann Grímsson, Sandgerði, verði dæmdir til að þola, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Hákon Eyjólfsson fyrir nefndum kröfum, og að veitt verði heimild til þess að láta selja skipið á nauðungarupphæði, að undangengnu fjárnámi.

Stefndur, heildsali Eggert Kristjánsson, eða umboðsmaður hans, hefir haldið því fram, að stefnandinn hafi á skrifstofu hans í Reykjavík munnlega ráðið til ferðar þessarar, með þeim kjörum: Að hann skyldi fá fritt upphald meðan hann biði eftir skipinu, svo og allt fritt á leiðinni heim með skipinu, og loks að hann skyldi hafa fast ákveðið kaup fyrir alla ferðina frá því að hann færi hédan og þangað til að hann kæmi hingað aftur, kr. 200.00 — að sjálfsögðu íslenskar krónur — þar sem samningur hafi verið gjörður hér heima og ekkert sérstakt samið að greiða skyldi í dönskum krónum. Kveðst stefndur eingöngu hafa verið söluumboðsmaður á þann hátt, að hann hafi útvegað seljanda nefnda kaupendur að bátnum, og hann sjálfur eigi undirskrifað neinn samning um kaup á umgetnum bát, heldur þeir undirskrifað hann. Segist stefndur ekkert umboð hafa frá nefndu firma til þess að taka á móti máls-

sókn fyrir það, og því slík málssókn tilgangslaus, né heldur geti hann talizt vera réttur málsaðili, og krefst hann algerðrar sýknunar í málinu, og að honum verði dæmdur málskostnaður, sem eigi sé lægri en andstæðingar hans fari fram á.

Hann lætur þess svo getið undir rekstri málsins, að eigi sé upplýst nægilega, að ferðin hafi þurft að taka lengri tíma en 14 daga, eða um neyðardvöl í höfn hafi verið að ræða.

Meðstefndu, skrásettir eigendur oftsgreinds mótorbáts, halda því fram, að umþráttuð kaupkrafa sé þeim með öllu óviðkomandi, þar sem í kaupsamningnum sé ákveðin upphæð tilgreind fyrir flutning á bátnum til Reykjavíkur, sem þeir þegar hafi greitt, og yfir höfuð skirskota þeir til varnarástæðu aðalstefnds, Eggerts Kristjánssonar, og krefjast algerðrar sýknunar á sjóréttarkröfum stefnanda og öðrum kröfum hans og krefst umboðsmaður þeirra ennfremur, að honum verði dæmdur málskostnaður samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, en slíkur málskostnaður hefir eigi verið framlagður í málinu.

Með því að kaupkrafa stefnanda í málinu eingöngu styðst við lögskráninu, er fram hefir farið í Frederikssund 18. oktbr. f. á., af dönskum lögskráningarstjóra, og í mál-færslu umboðsmanns stefnanda er gengið fram hjá og mótmælt samningi um ráðningu hér heima, virðist stefndur, Eggert Kristjánsson, eigi vera neitt við mál þetta riðinn raunverulega, og þar sem hann skortir umboð til að flytja mál þetta f. h. byggingarstöðvar umrædds mótorbáts, ber ex officio að frávísa máli þessu, að því er hann sjálfan áhrærir, og kemur þá sjóréttarkrafan eigi til greina.

Málskostnaður virðist með titili til þess, hve málskostnaðarkröfur hinna stefndu eru óákveðnar og jafnvel óviðeigandi eiga að falla niður.

